

## DÓMSTÓLL GSÍ

Dómur þriðjudaginn 12. nóvember 2024.

**Málið nr. 1/2024**

**Davíð Jónsson,  
Snorri Rafn William Davíðsson og  
Ingi Rafn William Davíðsson  
gegn  
Golfklúbbi Sandgerðis**

**Dómur:**

Gunnar Viðar dómari við dómstól GSÍ kveður upp dóm í máli þessu.

### **I. Aðdragandi máls, málsaðilar og dómkröfur**

Mál þetta hófst með kæru 11. júlí 2024 sem beint var til dómstóls ÍSÍ eftir samskipti kæranda við skrifstofu GSÍ. Sóknaraðilar eru Davíð Jónsson, kt. [REDACTED], Snorri Rafn William Davíðsson, kt. [REDACTED] og Ingi Rafn William Davíðsson, kt. [REDACTED], allir til heimilis að [REDACTED], Reykjanesbæ. Varnaraðili er Golfklúbbur Sandgerðis, kt. 420289-1549, Vallarhúsum, Sandgerði. Var greinargerðum skilað af hálfu beggja málsaðila en með úrskurði 29. júlí 2024 var málinu vísað frá dómi á þeim grundvelli að kæru hefði átt að beina að dómstól GSÍ. Sóknaraðilar óskuðu í framhaldinu eftir að kæran yrði tekin fyrir hjá dómstól GSÍ. Með tölvupósti frá skrifstofu GSÍ 1. ágúst 2024 var málinu beint til dómstóls GSÍ. Málinu var úthlutað sama dag til dómara. Vegna veikinda dómara var málinu endurúthlutað 29. september 2024. Tók Gunnar Viðar þá við meðferð málsins sem dómari.

Í undirbúningsþinghaldi 11. október 2024 lýsti dómari yfir að hann liti svo á að greinargerðum hefði þegar verið skilað í málinu og öll gögn lægju fyrir. Lýstu aðilar sig sammála því og áréttuðu að allar kröfur væru hinar sömu og fram hefðu komið gagnvart dómstól ÍSÍ. Varnaraðili áréttaði sérstaklega að krafa um frávísun málsins væri höfð uppi á þeim grundvelli að um innanfélagsmót hefði verið að ræða og hefði dómstóll GSÍ því ekki lögsögu í málinu.

Ákveðið var að málið skyldi flutt skriflega og var sóknaraðila veittur frestur til 18. október 2024 til að skila skriflegri sókn af sinni hálfu. Varnaraðila var á sama tíma veittur frestur til 25. október 2024 til að skila skriflegri vörn. Sóknaraðilar skiluðu sókn innan tímamarka en degi síðar eða 19. október 2024 barst dómstólnum annað skjal frá sóknaraðilum sem einnig var sagt vera sókn. Gáfu sóknaraðilar þá skýringu að rangt skjal hefði verið hengt við við fyrri póst og óskuðu þess að síðara skjalið yrði látið gilda.

Að mati dómsins barst síðara skjal sóknaraðila eftir að frestur til skila var út runninn og verður því ekki horft til þess skjals við meðferð málsins.

Varnaraðili skilaði ekki vörn af sinni hálfu og telst því um útivist af hálfu varnaraðila að ræða við flutning málsins. Í samræmi við meginreglur réttarfars verður málið dæmt á grundvelli þeirra skjala sem þegar hafði verið skilað inn þegar útivist varð.

Kröfur sóknaraðila eru að ákvörðun um brottrekstur verði endurskoðuð og varnaraðili greiði hverjum og einum sóknaraðila kr. 500.000 í bætur vegna grafalvarlegra ásakana og brottreksturs úr bæði GS og meistaramóti klúbbsins. Einnig að formaður varnaraðila Lárus Óskarsson biðji sóknaraðila afsökunar vegna framgöngu sinnar í málinu. Kröfur varnaraðila eru aðallega að málinu verði vísað frá dómi en til vara að varnaraðili verði sýknaður af öllum kröfum og dæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila.

## II. Málavextir

Atvik málsins eru þau að sóknaraðilar tóku þátt í meistaramóti Golfklúbbs Sandgerðis. Sóknaraðili Davíð lýsir atviki sem upp kom í mótinu þannig að við leik á 6. holu á fyrsta keppnisdegi, 3. júlí 2024 hafi sóknaraðili Snorri Rafn slegið bolta út í rauðmerkt svæði og að bolti hafi fundist innan tímamarka. Leikmaður úr öðru holti, Kristinn Óskarsson hafi síðan komið að máli við sig og bent á að Snorri Rafn hafi verið að hagræða legu boltans. Davíð hafi þá verið staddur um 50 metra frá Snorra Rafni og ekki séð atvikið sjálfur. Aðspurður kvaðst Snorri Rafn hafa verið að reyna að sjá boltann betur og hafi hann ekki áttað sig á að slíkt fæli í sér brot. Eftir samtal við Guðfinn Örn Magnússon varaformann og ritara GSG og dómara mótsins hafi niðurstaðan orðið að Snorri Rafn fengi tvö högg í víti. Ekki er ágreiningur um að réttu skorkorti var skilað vegna þessa.

Eftir að skorkortum hafði verið skilað í hús kom til orðaskipta milli Davíðs og Lárusar Óskarsson sem er formaður, framkvæmdastjóri og vallarstjóri klúbbsins þar sem Lárus hafði uppi áskanir um að þeir feðgar hefðu orðið uppvísir að svindli og óskaði eftir því að þeir léku með einhverjum öðrum í holti næstu daga. Varnaraðili lýsir orðskiptum þannig að beint hafi verið vinsamlegum tilmælum mótstjórnar til þeirra um að þeir feðgar myndu ekki spila saman í holti daginn eftir. Hlynur Jóhannsson varamaður í stjórn GSG var einnig staddur í klúbbhúsi og lætur þau orð falla að þeir séu allir svindlarar.

Sóknaraðili Davíð kvaðst ósáttur við að vera vændur um svindl en hafi viljað forðast átök og gengið burt. Hann sendi síðar sama kvöld tölvupóst til mótsstjórnar þar sem hann lýsir atvikum frá sinni hlið og óskar þess að mótsstjórn taki ummælin fyrir á fundi til að hægt sé að fara yfir þau daginn eftir „svo hægt sé að einbeita sér að golfi næstu daga“.

Samkvæmt upplýsingum frá varnaraðila fékk Hlynur aðvörun frá dómara leiksins vegna þeirra ummæla sem hann viðhafði um sóknaraðila í umrætt sinn.

Á öðrum keppnisdegi kom Eva eiginkona sóknaraðila Davíðs og móðir annarra sóknaraðila í klúbbhúsið og átti orðaskipti við Guðfinn Örn Magnússon dómara mótsins en einnig munu hafa orðið orðaskipti við starfsmenn í húsi, Ara Gylfason stjórnarmann varnaraðila og Eddu Þórðardóttur sem starfar í eldhúsi varnaraðila og er eiginkona formanns varnaraðila. Virðist ekki fara á milli mála að hávær orðaskipti áttu sér stað þó aðila greini á um hver hafi helst hækkað rödd sína. Samkvæmt lýsingu í greinargerð varnaraðila hafi Eva þar að auki nálgast leikmenn úti á velli til að ræða umrætt atvik.

Fyrir liggur skrifleg yfirlýsing frá Ara Gylfasyni og einnig yfirlýsing frá Eddu Þórðardóttur. Hvorugt þeirra ber um að Eva hafi farið út á völl líkt og fullyrt er í greinargerð. Liggja engin gögn þeirri fullyrðingu til stuðnings.

Dómurinn skilur atvik þannig að meðan á þessu stóð hafi þeir feðgar verið að undirbúa og leika annan hring sinn í mótinu. Fram kemur í greinargerð varnaraðila að Eva hafi gert haft uppi sínar athugasemdir þrátt fyrir beiðni sóknaraðila um að láta kyrrt liggja.

Síðar sama dag átti Guðfinnur símtal við sóknaraðila Davíð sem Eva var áheyrandi að og kom þar meðal annars fram beiðni um að Eva yrði ekki á vellinum meðan mótið stæði. Í símtalinu fór Guðfinnur einnig fram á að þeir feðgar myndu draga sig úr mótinu. Svo virðist sem Eva hafi tekið yfir samtalið og á endanum skellt á. Hún mun síðan hafa hringt í Guðfinn síðar um kvöldið. Samkvæmt lýsingu í greinargerð varnaraðila kvaðst hún einnig myndu mæta á völinn daginn eftir og var þá gerð grein fyrir því að lögregla yrði kölluð til ef hún héldi uppteknum hætti.

Eftir þessi símtöl kom stjórn GSG saman til fundar og var þar tekin ákvörðun um að vísa sóknaraðilum úr klúbbum. Var sóknaraðili Davíð tilkynnt um þá ákvörðun símléiðis og hún síðan staðfest með textaskilaboðum í síma hans kl. 22.00 4. júlí 2024.

Klukkan 14.00 5. júlí 2024 sendi sóknaraðili Davíð tölvupóst til mótsstjórnar varnaraðila þar sem óskað var eftir rökstuðningi fyrir brottvísun hvers og eins kæranda. Þeim tölvupósti virðist ekki hafa verið svarað.

### **III. Formsatriði máls**

#### **Málsástæður aðila**

Eins og áður er rakið krefst sóknaraðili meðal annars miskabóta og afsökunarbeiðni frá formanni varnaraðila. Grundvöllur þeirra krafna er að ummæli Lárusar Óskarssonar formanns og Hlyns Jóhannssonar varamanns í stjórn varnaraðila um svindl af hálfu þeirra feðga hafi verið meiðandi og valdið þeim miklum álitshnekki.

Stefnda vikur ekki að kröfu um afsökunarbeiðni í greinargerð sinni en byggir á því að hafna bera kröfu um miskabætur þar sem sóknaraðilar hafi ekki sýnt fram á tjón.

Dómurinn telur að hvorki sé heimild í lögum GSÍ til þess að dómurinn verði við kröfum um afsökunarbeiðni né kröfum um miskabætur. Er hér um að ræða atriði sem dómurinn gætir að án kröfu aðila. Kröfugerð um þessi efni á undir almenna dómstóla, og verður því vísað frá dómstól GSÍ.

Varnaraðili krefst frávísunar málsins í heild sinni á þeim grundvelli að þar sem um innanfélagsmót hafi verið að ræða eigi dómstóll GSÍ ekki lögsögu í málinu. Engin frekari rök eru sett fram þessari kröfu til stuðnings né er vísað til ákvæða í lögum varnaraðila eða GSÍ sem geti gefið dómara leiðbeiningu um þessa málsástæðu.

Sóknaraðili hefur ekki tjáð sig sérstaklega um frávísunarkröfu varnaraðila.

Að mati dómsins er ljóst að þrátt fyrir að þau atvik sem leiddu til brottvísunar sóknaraðila hafi orðið í meistaramóti lýtur kæran ekki að framkvæmd mótsins að neinu leyti heldur eingöngu að lögmæti brottvísunar kæranda úr klúbbum. Er því ekki þörf á að dómari leggist í sjálfstæða

rannsókn á því hvort meistaramót varnaraðila teljist innanfélagsmót og þá hvaða afleiðingar það hefur þegar litið er til regluverks GSÍ. Er frávísunarkröfu varnaraðila hafnað.

#### **IV. Efnisatriði máls**

##### **Málsástæður aðila**

Sóknaraðilar byggja á því að ljóst sé að ástæða brottvikningar þeirra sé engan veginn í samræmi við lög varnaraðila, Siða- og hegðunarreglur GSÍ eða Hegðunarviðmið GSÍ. Þeim hafi verið vikið úr klúbbum umsvifalaust og án þess að andmælaréttur þeirra hafi verið virtur. Skýrt sé kveðið á um andmælarétt í 3. gr. laganna. Sóknaraðilar hafna því alfarið að hafa sýnt óviðeigandi framkomu gagnvart stjórn, starfsmönnum eða félagsmönnum sem hafi leitt til þessarar ákvörðunar.

Varnaraðili byggir á því að stjórn hafi verið nauðugur einn kostur að halda stjórnarfund eftir allt sem á undan hafi gengið. Fundurinn hafi tekið ákvörðun um að víkja sóknaraðilum úr klúbbum. Ákvörðunin hafi byggst á 3. gr. laga varnaraðila þar sem segi: „Öllum er heimil þátttaka í klúbbum. Stjórn klúbbsins er heimilt að víkja félagsmanni úr klúbbum vegna alvarlegra agabrota. Gæta skal andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin. Brottvikningin tekur strax gildi og skal borin undir aðalfund ef viðkomandi fellst ekki á hana“. Framkoma Evu og sóknaraðila Davíðs í garð stjórnarmanna, starfsmanna og félagsmanna hafi verið þess eðlis að stjórn hafi verið nauðugur einn kostur að víkja þeim feðgum úr klúbbum. Drengirnir séu undir lögaldri og beri foreldrar þeirra ábyrgð á þeim. Eva, móðir drengjanna og eiginkona Davíðs hafi brotið háttsemis- og siðareglur GSÍ með framkomu sinni og hegðunarviðmið GSÍ.

##### **Niðurstaða**

Svo sem áður kemur fram er aðalkrafa sóknaraðila sú að „ákvörðun um brottrekstur verði endurskoðuð“. Dómurinn skilur kröfuna þannig að með henni sé þess krafist að dómurinn kveði á um að brottrekstur þeirra úr klúbbum hafi ekki verið í samræmi við lög varnaraðila og skuli því ógilt.

Af lýsingu aðila á málavöxtum má ráða að eiginkona kæranda Davíðs og móðir annarra kæranda hafi haft sig talsvert í frammi eftir að þeir feðgar voru sakaðir um að hafa svindlað í mótinu. Óumdeilt er að kærendur einbeittu sér að sínum golfleik og engar ásakanir eru uppi um að neinn þeirra hafi haft uppi nokkur stóryrði í garð stjórnenda eða starfsmanna varnaraðila. Þá ályktun má því draga að sóknaraðilum hafi verið vísað úr klúbbum vegna ummæla og hegðunar eiginkonu eins þeirra og móður hinna tveggja sem farið hafi fyrir brjóstið á stjórn varnaraðila.

Líkt og áður er rakið kemur skýrt fram í 3. gr. laga varnaraðila að heimilt sé að víkja félagsmanni úr klúbbum vegna alvarlegra agabrota. Gæta skuli andmælaréttar áður en ákvörðun sé tekin. Fyrir liggur að ákvörðun var tekin af stjórn varnaraðila að kvöldi 4. júlí 2024 en ekkert liggur fyrir með hvaða hætti lögbundins andmælaréttar hafi verið gætt. Þá hafa sóknaraðilar engar skýringar fengið frá varnaraðila þrátt fyrir skýra beiðni þar um. Þegar af þessum sökum verður ekki hjá því komist að fallast á með sóknaraðilum að ákvörðun stjórnar var ekki í samræmi við lög varnaraðila.

Að fenginni þessari niðurstöðu eru ekki efni til að fallast á kröfu varnaraðila um málskostnað úr hendi sóknaraðila. Sóknaraðilar gerðu ekki kröfu um málskostnað sér til handa.

### **Dómsorð:**

Kröfum um miskabætur og kröfum um afsökunarbeiðni er vísað frá dómi.

Ákvörðun stjórnar Golfklúbbs Sandgerðis um að vísa Davíð Jónssyni, Snorra Rafni William Davíðssyni og Inga Rafni William Davíðssyni úr klúbbum er ógilt.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Dómsorð er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er bent á ákvæði 13. gr. laga um Dómstóla GSÍ þar sem fjallað er um áfrýjun. Samkvæmt 1. tl. 13. gr. er heimilt að skjóta til áfrýjunardómstóls GSÍ, dómum og úrskurðum Dómstóls GSÍ og samkvæmt 2. tl. er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins 5 dagar frá því dómur Dómstóls GSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.

Gunnar Viðar

